

## F U N D A R G E R ð

8. janúar 2020

Fundur stjórnar, haldinn í Fossvogsskóla

Mættir: Eyþóra Hjartardóttir, Illugi Gunnarsson, Karl Þráinsson, Magnús Már Guðmundsson og Unnur Björnsdóttir.

Fjarverandi: Elfa Þöll Grétarsdóttir, Hrund Hauksdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir

1. Skólaráðsfundur:

Á miðvikudaginn eftir viku. Stjórn FFF fundar síðar sama dag. Síðast haldinn fundur 11. desember. Ball fyrir 6. og 7. bekk. Fulltrúar úr foreldrahópnum viðstaddir og tóku þátt í foreldrarölti eftir ballið. Gekk mjög vel. Staða í húsnæðismálum rædd. Enn virðist vera ófullnægjandi loftgæði í heimilisfræðistofu. Vesturland verður tekið í notkun í lok vikunnar.

2. Betri Bústaðir: Stefnt að foreldraþingi í Réttó í febrúar. Svipað snið og á nemendapöngunum sem haldin hafa verið í skólunum. Fyrirlestrar um svefn, rafrettunotkun og orkudrykki. Síðan verður skipt í umræðuhópa og unnið með spurningar. Niðurstöður kynntar.

3. Starfsáætlun Fossvogsskóla:

Til skoðunar.

4. Samstarf foreldra og skóla:

Þarf að uppfæra skjalið. Byggja á nýju starfsreglunum. Eyþóra, Eyrún og Magnús ræða og forma. Hrund hefur einnig lýst áhuga á þátttöku.

5. Staða skoðunar á frístundastarfi:

Fulltrúar úr foreldrahópi fóru og hittu forsvarsmenn Neðstalands. Allir meðvitaðir um að þetta sé ekki fullnægjandi. Gert ráð fyrir að verði betra og unnt að hefja meira og metnaðarfullra starf nú þegar Vesturland verður tekið í notkun

Kalli og Eyrún ræða við Ívar í Bústöðum félagsmiðstöð um það hvort unnt væri að bjóða upp á eitthvað frístundastarf fyrir miðstigið. Skólastjórnendur jákvæðir fyrir því að bjóða upp á slíkt í húsnæði Fossó. Skólarnir sem aðild eiga að félagsmiðstöðinni Bústöðum hyggjast senda bréf og mótmæla aðstöðunni sem boðið er upp á fyrir félagsmiðstöðina. Í vinnslu.

Tónlistarkennsla með aðstöðu í skólanum: Samþykkt að fara með þessa hugmyndafræði til skólastjórnenda, það að bjóða upp á eitthvað tólmundastarf, hvort sem það er tónlistarnám, leiklist eða annað á skólatíma. Alltaf byggt á því að foreldrar

## Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

vilji og samþykki að barnið sé tekið út úr hefðbundnum kennslutíma til að mæta í þetta einu sinni í viku. Illugi og Karl ræða við skólastjóra.

Tónlistarkennari óskar eftir að FFF komi upplýsingum til foreldrasamfélagsins um að hún bjóði upp á tónlistarkennslu heima hjá sér utan skóla. Samþykkt.

6. Bakhópur íbúaráðs:

Samþykkt að Elfa taki þátt í fundum og öðrum stendur það einnig til boða.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þann 5. febrúar nk. kl. 17 með skólastjóra.

Fundargerð ritaði EHj.